

Foreldraráð Leikskóla Fjallabyggðar

Starfsreglur

1. grein

Í foreldraráði eiga sæti 4 fulltrúar, 2 úr hvorum leikskóla, sem kjörnir eru á aðalfundi foreldrafélaganna að hausti. Einn fulltrúi úr hvoru byggðarlagi skal einnig eiga sæti í Foreldrafélögum Leikskóla Fjallabyggðar. Starfstími ráðsins er 1 ár í senn en leitast skal við að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár til að tryggja samfellu í starfi ráðsins. Skulu fulltrúar á fyrsta fundi sínum skipta á milli sín embættum formanns, varaformanns og ritara. Formaður undirbýr fundi og boðar til þeirra.

2. grein

Foreldraráð fundar eftir þörfum, þó aldrei sjaldnar en 4 sinnum á ári. Ráðið skal halda fundargerðabók og skulu fundargerðir þess vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Ráðið hefur aðstöðu til funda á leikskólanum og fær aðgang að tölvum og öðrum tækjabúnaði sem þar er. Leikskólastjóri skal að hausti óska eftir fundi með foreldraráði og fræðslufulltrúa til að ræða málefni leikskólanna fyrir komandi leikskólaár.

3. grein

Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og bæjaryfirvöld. Foreldraráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólk skólans en er hins vegar heimilt að fjalla um ábendingar frá foreldrum.

4. grein

Foreldraráð skal vera umsagnaraðili um öll helstu mál er varða leikskólann og á að fylgjast með framvindu þeirra. Meðal verkefna ráðsins er eftirfarandi:

- gefa umsögn um og fylgjast með framvindu skólanámskrár og skóladagatala
- fylgjast með áætlunum um nýtingu fjármagns
- fylgjast með áformum um byggingar eða viðhald húsnæðis og búnaðar
- fylgjast með starfsemi foreldrafélagsins
- skoða mötuneyti og matseðla
- spyrja út í starfsmannastefnu, starfsmannahald og endurmenntunaráætlun skólans
- fá upplýsingar um áfallaáætlanir og forvarnir
- fá upplýsingar um sjálfsmatsáætlun skólans og fylgjast með framkvæmd hennar
- kynna sér stefnu skólans um samstarf heimila og skóla sem og upplýsingajöf til foreldra
- hlusta eftir röddum foreldra, kennara og annarra starfsmanna og bregðast við ef þörf er á

- koma með tillögur til úrbóta um það sem betur má fara ef þörf krefur

Drög að skólanámskrá næsta vetrar skulu tekin til umfjöllunar og umsagnar að vori. Foreldraráð gefur skriflega umsögn um skólanámskrá og skal hún send skólastjóra, fræðslunefnd og stjórn foreldrafélags eigi síðar en 30 dögum eftir að það fær hana til umsagnar. Með umsögn sinni og athugasemdum getur foreldraráðið sett fram tillögur um breytingar á skólahaldi og rekstri skólans og óskað eftir að þær verði teknar til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fræðslunefnd skal senda foreldraráði til umsagnar allar áætlanir um meiriháttar breytingar í skólamálum áður en ákvarðanir eru teknar.

5. grein

Foreldraráðsfulltrúum er skylt að gæta trúnaðar varðandi upplýsingar um einstaklinga, nemendur, kennara eða aðra sem þeir verða áskynja um í starfi sínu.

6. grein

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Til stuðnings sem og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein laga um leikskóla nr. 90/2008